

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar		
	Fyrsti fundur skólaráðs		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
30. september 2015	(08:15 – 9:40)	Skólastjórnarskrifstofa, Hjalla	1
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún	Sigrún B.	1

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Hrafnhildur Pálsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Karl Einarsson, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Ragnar Gíslason, María Kristín Jóhannesdóttir, Sólveig Rún Rúnarsdóttir, Andrea Þórey Sigurðardóttir og Stefán Hjörleifsson.
Mættir voru:
Allir mættir
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> 1. Reglugerð um skólaráð 2. Starfsáætlun vetrarins 3. Framkvæmdir í skólanum 4. Áherslur vetrarins 5. Þróunarverkefni 6. Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Reglugerð og starfsreglur skólaráðs.	Lögð voru fram ljósrit af reglugerð um skólaráð við grunnskóla og einnig ljósrit af starfsreglum skólaráðs Álfhólsskóla sem var unnið 22. október 2010.
2. Starfsáætlun skólaráðs	Starfsáætlun lögð fram og samþykkt.
3. Framkvæmdir í skólanum	Farið yfir þær framkvæmdir sem voru í sumar. Í Digranesi var farið í það að laga þak á álmunni þar sem 3. bekkur er og einhverfudeildin. Húsið málað þar að utan. List- og verkgreinaálma löguð. Myndmennt var færð upp á gang þar sem hinar list og verkgreinarnar eru og sérkennslan flutt niður í álmuna þar sem sérdeildin er. Gólf bónuð. Byrjað var á því að vinna að vinnuáætlun kennara og mun það verða klárað í vetur og einnig verður farið í að laga gluggana í stigaganginum. Í Hjalla var tekið úr milliherbergjum á milli kennslustofanna til að nýta þau betur. Gólf bónuð. Í vetur á síðan að fara í það að laga vinnuáætlun kennara. Á skólalóðinni voru tekin í burtu grindverk sem voru farin að brotna.
4. Áherslur vetrarins	Sigrún skólastjóri fór yfir áherslur vetrarins en það eru gildi og stefna skólans, innleiðing aðalnámsskrár, gránfáninn, heilsueflandi grunnskóli, samskipti heimila og skóla og starfsþróun Álfhólsskóla og er þar undir fjölbreyttir kennsluhættir. Í tengslum við fjölbreytta kennsluhætti er verið að fara af stað með söguaðferð á miðstigi og spaldtölvur á unglunga- og miðstigi skólans.
5. Þróunarverkefni	Sigrún sagði frá þróunarverkefninu Námsfús börn. Álfhólsskóli fékk úthlutað úr endurmenntunarsjóði grunnskóla í verkefnið. Markmið með verkefninu er að nemendur fá námi við hæfi, að bæta námsárangur nemenda, efla áhuga á námi og að auka fjölbreytta kennsluhætti.
6. Önnur mál	Tvær fyrirspurnir komu frá fulltrúum foreldra. Fyrsta fyrirspurn var um sparkvellinga í ljósi umræðna í fjölmiðlum varðandi það efni sem notað er á þá. Þau svör sem fengust voru að Kópavogsbær er að skoða þetta og segir í svari sínu að það verði enginn afláttur gefin þegar um öryggi eða heilsu barna væri að ræða. Önnur fyrirspurn var varðandi spaldtölvur um það hvernig gengur með þær. Nemendur svöruðu því til að það gengi vel og þau væru ánægð. Þau væru farin að nota þetta í kennslunni og báru vinnunni vel söguna.

Álfhólsskóli